

Fermingardagar 2025:

Í Akranes Kirkju eru eftirtaldir fermingardagar:

- Laugardagur 5. apríl kl. 10.30 og 13.30
- Sunnudagur 6. apríl kl. 10.30 og 13.30
- Laugardagur 12. apríl kl. 10.30 og 13.30
- Pálmisunnudagur 13. apríl kl. 10.30 og 13.30
- Hvítasunnudagur 8. júní kl. 11.00

Fermt verður í Hallgrímskirkju í Saurbæ sunnudaginn 4. maí kl. 11.00, í Leirárkirkju sunnudaginn 4. maí kl. 14.00 og í Innra-Hólmskirkju á Hvítasunnudag 8. júní kl. 14.00.



Ljósmynd: Inga Ágústsdóttir

Facebook-hópurinn okkar

Facebook-hópurinn okkar heitir *Fermingar vorið 2025 á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit*. Gott er að bæði foreldrar og fermingarbörn skrái sig í þennan hóp. Þar koma upplýsingar um ýmislegt er varðar fermingarveturinn.

Prestarnir



Símanúmer: 433-1500

Heimasíða: www.akranesirkja.is

Netföng presta:

Séra Ólöf Margrét: olof@akranesirkja.is

Séra Þráinn: thrainn@akranesirkja.is

Séra Þóra: thora@akranesirkja.is

Facebook-síða: Garða- og Saurbæjarprestakall

Instagram-síða: [garda_saurbaejarprestakall](#)

Til þín sem verður 14 ára á næsta ári

Fermingarfræðslan í Garða- og Saurbæjarprestakalli
hefst í ágúst og það væri gaman að hafa þig með!

Af hverju ættir þú að velja fermingu í kirkjunni?

Fermingarfræðsla í kirkjunni er ekki bara fyrir þau sem trúa heldur líka þau sem efast eða eru forvitin. Þar gefst tækifæri til að fást við mikilvægar spurningar með öðrum. Um það fjallar fermingarfræðslan nefnilega, að kynnst sér og Guði betur. Og upplifa í leiðinni sitthvað skemmtilegt með góðum vinum.



Fermingarfræðslan í kirkjunni hjálpar þér að:

- Velta fyrir þér á hvað þú trúir
- Kynnst viskubrunninum í Biblíunni
- Eiga samtál um stóru spurningarnar og gildin
- Kynnst lífinu í kirkjunni
- Hugsa um tilveruna
- Taka þátt í baráttu fyrir friði og réttlæti í heiminum

Skráning

Skráning í fermingarstarfið fer fram rafrænt á heimasíðu prestakallsins - www.akraneskirkja.is. Hægt er að hafa samband við kirkjuna ef einhverjar spurningar vakna, en skráning hefst formlega **28. maí**. Skráningu skal vera lokið í síðasta lagi 10. júní. Fermingardagur er valinn við skráningu.

Það kostar að vera í fermingarundirbúningi, líkt og það kostar að æfa ýmsar íþróttagreinar utan skóla. Fermingarfræðslugjaldið er 23.000 kr. Rukkað verður í tvennu lagi; fyrir fyrri hlutann í ágúst (þegar sumarnámskeiðið hefst) og seinni hlutann áður en fermingar hefjast í mars. Sendir verða út rafrænir greiðsluseðlar.

Kynningarfundur

Kynningarfundur verður haldinn fyrir fermingarbörn og foreldra **þriðjudaginn 28. maí kl. 19.30** í safnaðarheimilinu Vinaminni.



Ljósmynd: Anna Rósa Guðmundsdóttir

Fermingarfræðslan

Í fermingarfræðslunni ræðum við um vináttu og sambönd, guðspjónustuna og altarisgönguna, sorg og gleði, gott og illt, Guð, Jesú og heilagan anda, kærleika og ást, Biblíuna og bænina, hugmyndir okkar um hvað það er að vera manneskja, umhverfi og réttlæti, hógværð og virðingu.

Sumarnámskeið

Fermingarstarfið hefst í lok ágúst. Dagana **19. - 22. ágúst** (mánudag til fimmtudags) verður haldið sumarnámskeið. Brekkubæjarskóli og Heiðarskóli verða í fermingarstarfi kl. 9 - 12 en Grundaskóli kl. 13 - 16. **Kennt verður í Safnaðarheimilinu Vinaminni.**

Þau sem ekki komast á sumarnámskeiðið mæta í staðinn í fermingarfræðslu **þrjá föstudaga**. Það eru föstudagarnir 30. ágúst, 6. september og 13. september. Tímasetningar kynntar síðar.

Framundan er spennandi og skemmtilegt námskeið í ágúst með sambland af fræðslu og leik, bæði úti og inni. Þannig gefst okkur einnig kostur á að bjóða upp á fjölbreyttari dagskrá en ella, svo sem tónlist og gesti sem hafa ýmsu góðu að miðla.

Fermingarfræðslutímar 2024 - 2025

Að loknu sumarnámskeiði koma fermingarbörn til fræðslu einu sinni í mánuði fram að fermingu. Hver samvera er um klukkustund að lengd. Kennsludagar verða kynntir í haust þegar stundatafla skólanna liggur fyrir.

Vatnaskógur

Boðið verður upp á fermingarferðalag **8. - 10. september** fyrir Brekkubæjarskóla og Heiðarskóla og **10. - 12. september** fyrir Grundaskóla. Ferðin er ríflega niðurgreidd af prestakallinu en hver unglingur greiðir sinn hlut 10.000 kr. Það er ekki skyldumæting í ferðina en Vatnaskógur er góður staður til að hrista hópinn saman og blanda saman fræðslu og skemmtun.



Ljósmynd: sr. Bragi Ingibergsson

Fermingardagurinn

Fermingardagurinn er hátíðlegur fyrir þig, fjölskylduna þína og fólkið í kirkjunni. Hann er hápunktur eftir vetur þar sem þú hefur fengið tækifæri til að vera með öðrum, spjalla, hlusta, læra, búa til, láta gott af þér leiða og upplifa.